



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FORSETAR ÍSLANDS OG SINGAPÚR: SAMSTARF UM VERNDUN HAFSINS OG BARÁTTU GEGN LOFTSLAGSBREYTINGUM

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson átti í gær, fimmtudaginn 23. febrúar, fund með forseta Singapúr Dr. Tony Tan Keng Yam. Á fundinum, sem fram fór í forsetahöllinni, var rætt um sameiginlega hagsmuni Íslands og Singapúr í baráttunni gegn loftslagsbreytingum og fyrir verndun auðæva hafsins. Þessi brýnu verkefni fælu í sér aukna þörf á samstarfi eyríkja. Ísland og Singapúr gætu í þeim efnum, í ljósi sögu sinnar og árangurs, haft ákveðna forystu.

Singapúr studdi á sínum tíma baráttu Íslendinga fyrir útfærslu landhelginnar og hefur verið eindreginn málsvari Hafréttarsáttmálans. Bráðnun jökla og íss á Norðurslóðum og Suðurskautinu ógnar öryggi landsins þar eð hækkun sjávarborðs um 2-3 metra myndi sökkva verulegum hluta byggðar í Singapúr og leggja í rúst hið blómlega efnahagslíf landsins.

Forseti Singapúr fagnaði því að hið virta tímarit The Economist hefði ákveðið að halda þar heimsþing um höfin. Í því fælust mikilvæg skilaboð og vonandi myndi þingið hafa í för með sér aukna alþjóðlega samvinnu við verndun hafsins og auðlindanna sem þar er að finna. Ræddi hann og um tengsl Singapúr við Kína og önnur nágrannaríki.

Þá kom fram á fundinum mikill áhugi forseta Singapúr á endurreisn efnahagslífsins á Íslandi í kjölfar bankahrunsins. Hann kvað afar athyglisvert að Íslendingar hefðu á margan hátt farið aðrar leiðir en rétttrúnaður á vettvangi hins alþjóðlega fjármálakerfis hefur boðað. Höfnun Icesavesaminganna í tveimur þjóðaratkvæðagreiðslum hefði vakið athygli og aðdáun víða um veröld. Sú ákvörðun hefði sýnt hugrekki og sterkan lýðræðislegan vilja lítillar þjóðar.

Myndir frá fundi forseta Íslands og forseta Singapúr má nálgast á vef forsetaembættisins, forseti.is.

24. febrúar 2012

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).